

Heilsugæslustöðin í Reykjahlíð og Lyfja

Afgreiðsla Lyfju er opin:

Mánudaga kl. 9-12 og 13-15

Þriðjudaga kl. 13-15

Miðvikudaga LOKAÐ

Fimmtudaga kl. 9-12 og 13-15

Föstudaga LOKAÐ

Einnig er hægt að fá afgreidd lyf í viðtalstímum hjúkrunarfræðings.



Viðtalstímar lækna eru:

Eftir hádegi á mánudögum og fyrir hádegi á fimmtudögum

Viðtalstímar hjúkrunarfræðings eru:

Mánudaga kl. 8.30-11

Þriðjudaga kl. 13-14

Fimmtudaga kl. 8.30-10

Aðrir tímar eftir samkomulagi.

Tímabantanir og upplýsingar í síma 464 0660 í Reykjahlíð.
Lyfjaendurnýjanir í síma 464 0500 kl. 9 - 10 alla virka daga.

Sími skiptiborðs á Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga
er 464 0500 og tímabantanir í síma 464 0501.

Agla og Dagbjört

Geymið auglýsinguna

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

32. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 4. sept. 2014

Afmælisbörn dagana 4. sept. — 10. sept. 2014

4. Jón Haraldur Helgason, Sigurlína Helgadóttir.
7. Einar Jónsson, Heimir Knaran Sigurbjörnsson.
8. Nanna Kristjánsdóttir.
9. Pálmi John Þórarinnsson, Sæmundur Þór Sigurðsson



Frá íþróttamiðstöð.

Opnun í september.

Íþróttamiðstöðin verður opin milli kl. 12:00 og 20:00
alla daga í september.

Kveðja, starfsfólk

Réttardagur.

Hin árlega réttarsala verður við Hlíðarrétt,
sunnudaginn 7. september.

Salan hefst kl. 9:30.

Kaffihlaðborð, pylsur og fleira.
Komum og styðjum gott málefni.

Slysavarnadeildin Hringur.





Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

4.fundur.

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 27. ágúst kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ráðningarsamningur sveitarstjóra
3. Siðareglur sveitarstjórnar og erindisbréf nefnda
4. Fundargerðir nefnda
 - a. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 17. ágúst 2014
 - b. Fundargerð landbúnaðar og girðingarnefndar frá 13. ágúst 2014
 - c. Fundargerð skipulagsnefndar frá 21. ágúst 2014
5. Bréf Innanríkisráðuneytisins frá 18. júní 2014, viðaukar við fjárhagsáætlanir
6. Bréf Jafnréttisstofu frá 14. ágúst 2014, skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum.
7. Bréf framkvæmdastjóra Eypings frá 18. júlí 2014
8. Bréf Sigurbjörns Reynis Björgvinssonar mótt. 30. maí 2014
9. Breyting á Aðalskipulagi 2011-2023, Hverir
10. Deiliskipulag, Hverir
11. Sorpsamlag Þingeyinga, fjármögnun afborgunar lána 2014.
12. Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna refaveiða 2014-2016.
13. Slægjufundur 2014
14. Hofsstaðir sjálfseignarfélag
15. Vinnuhópur um fráveitumál

Efni til kynningar:

Fundargerð Aðalfundar Greiðrar leiðar ehf frá 10.júlí 2014.

Stjórnar Eypings frá 14. Júlí 2014.

Ársskýrsla Náttúrustofu Norðausturlands 2013

Afgreiðslur:

1. Oddviti setti fund og leggur til að liðum 14.15 og 16 verði bætt á dagskrá. Samþykkt.
2. Lagður fram ráðningasamningur við Jón Óskar Pétursson kt. 190776-6079 um að gegna starfi sveitarstjóra kjörtímabilið 2014-2018.
Sveitarstjórn samþykkir samninginn. Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.
3. Lögð fram drög að siðareglum til fyrri umræðu. Markmið reglnanna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Skútustaðahrepps. Reglurnar ná til sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ræddi drögin og fól oddvita og sveitarstjóra



Þegar maður er komin á vissan aldur.... lærir maður að hlusta á það sem aðrir eru að segja, en það versta er að maður man ekki helminginn af því.



Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

vakin athygli á fyrirkomulagi kosninga fulltrúa á aðalfund Eyþings og skipunar fulltrúaráðs. Bréfið var til kynningar og ekki gerðar sérstakar bókanir vegna þess.

8. Í bréfinu segir Sigurbjörn Reynir Björgvinsson upp störfum sem sundlaugarvörður Íþróttamiðstöðvar Skútustaðahrepps frá 1. júní 2014.
Sveitarstjórn móttækur erindið og þakkar Sigurbirni vel unnin störf á liðnum árum.
9. Aðalskiplag Hverir
Oddviti leggur til að liðir 9 og 10 verði afgreiddir saman samkvæmt eftirfarandi bókun.
Sveitarstjórn er að leggja upp í vinnu við stefnumótun í ferðaþjónustu í Mývatnssveit og mun nýta hana til að gera nýjan kafla í aðalskiplag sem gildir til 2024 um ferðaþjónustu í Mývatnssveit. Sveitarstjórn vísar þessari tillögu aftur til skipulagsnefndar til frekari skoðunar með það fyrir augum að hafa samtal við landeigendur og skipulagsráðgjafa um útfærslu mannvirkja við hverasvæðið. Leitast verður við að samrýma þarfir ferðamanna, álag á stöðum, uppbyggingu og sambyli við heimamenn svo þessir þættir fari sem best saman inn í framtíðina. Nefndin kalli fulltrúa landeigenda til fundar sem fyrst og sveitarstjóri ásamt oddvita verði með í þessari samræðu.

10. Deiliskipulag Hverir. Sjá afgreiðslu liðar 9.
11. Lögð fram fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 7. júlí 2014. Í 2. lið fundargerðarinnar leggur stjórn Sorpsamlagsins til við eigendur að þeir láni 15 milljónir króna til félagsins til þess að fjármagna afborganir lána hjá Lánasjóði sveitarfélaga árið 2014. Láninu yrði síðan breytt í hlutafé. Lagt er til að eigendur láni í hlutfalli við eignarhlut í félaginu.
Sveitarstjórn samþykkir að lána Sorpsamlagi Þingeyinga kr 1.662.630 til þess að standa straum afborgana lána félagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Upphæðin nemur 11,08% af áætlaðri fjárförf og er í samræmi við eignarhlut Skútustaðahrepps í félaginu.
12. Lagður fram samningur milli Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps vegna endurgreiðslu til sveitarfélagsins vegna refaveiða árin 2014-2016. Markmið samningsins er að hafa yfirsýn og fyrirsjáanleika á þeim aðgerðum sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum. Samkvæmt samningnum nemur endurgreiðsluhlutfall Skútustaðahrepps 33% af kostnaði, þó að hámarki kr. 1.760.220 fyrir árið 2014, kr. 1.848.000 fyrir árið 2015 og kr. 1.940.400 fyrir árið 2016.
Sveitarstjórn fagnar samningnum og felur sveitarstjóra undirritun.
13. *Sveitarstjórn felur Arnheiði Rán Almarsdóttur að kalla saman til fyrsta fundar Slægjunefndar 2014. Undirbúningssvæði er frá Laxá upp að Eldá. Slægjufundur fer fram eins og áður fyrsta vetrardag, laugardaginn 25. október 2014.*
14. Lögð fram hugmynd undirbúningshóps um stofnun sjálfseignarfélags um jörðina Hofstaði í þágu rannsókna á svæðinu.
Sveitarstjórn lýsir ánægju með framtakið og hvetur undirbúningsnefnd til þess að halda áfram á sömu braut.
15. *Sveitarstjórn samþykkir að skipa oddvita, Margréti Hólm Valsdóttur og Ólaf Þröst Stefánsson í vinnuhóp um fráveitumál. Hópurinn skili tillögum til sveitarstjórnar fyrir fengitið 2014.*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:00.

að vinna úr þeim ábendingum sem fram komu á fundinum og vísaði þeim síðan til annarrar umræðu. Umræða varð einnig um erindisbréf nefnda. Sveitarstjóra falið að semja og yfirfara erindisbréf nefnda samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins í samvinnu við formenn einstakra nefnda.

4.
 - a) Fundargerð atvinnumálanefndar frá 17. júlí 2014. Fundargerðin er í 2 liðum. Eftirfarandi bókun var samþykkt vegna 2. liðar. *Sveitarstjórn samþykkir aðild Skútustaðahrepps að samstafssamningi Nýsköpunarmiðstöðvar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og sveitarfélagsins Norðurþings um aukna samvinnu og þróunarverkefni á skilgreindum sviðum nýsköpunar, tækni- og atvinnuþróunar. Jafnframt tilnefnir sveitarstjórn Anton Frey Birgisson sem tengilið við verkefnið. Að öðru leiti staðfestir sveitarstjórn fundargerðina.*
 - b) Fundargerð landbúnaðar og girðingarnefndar frá 13. ágúst 2014. Fundargerðin er í 3 liðum. *Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*
 - c) Fundargerð skipulagsnefndar frá 21. ágúst 2014. Fundargerðin er í 8 liðum. Eftirfarandi bókanir voru samþykktar vegna fundargerðarinnar.

4 liður. Deiliskipulag, Sel Hótel Mývatn.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna svo breytta og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku hennar eins og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæli fyrir um.

Yngvi Ragnar vék af fundi við afgreiðslu þessa erindis.

5 liður. Hringvegur um Jökulsá á Fjöllum. Deiliskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa deiliskipulagstillöguna eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um. (Tillagan verður auglýst samhliða í Skútustaðahreppi og Norðurþingi þar sem deiliskipulassvæðið er á sveitarfélagamörkum).

6 liður. Garður II. Tillaga að deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa deiliskipulagstillöguna eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.

5. Í bréfinu er vakin athygli sveitarstjórna að verklagi við gerða viðauka við fjárhagsáætlanir samkvæmt 63. grein laga nr. 138/2011, sveitarstjórnarlaga. Í 63. grein sveitarstjórnarlaga segir að óheimilt sé að vikja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslum milli liða í þegar samþykktari fjárhagsáætlun. Þá eru í bréfinu kynntar leiðbeiningar um gerð og framsetningu viðauka við fjárhagsáætlun og þeim tilmælum beint til sveitarstjórna að yfirfara verklag við gerð viðauka við fjárhagsáætlanir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem kynntar eru í bréfinu.
Bréfið var að öðru leiti til kynningar og ekki gerðar sérstakar bókanir vegna þess.
6. Í bréfinu er vakin athygli á skyldum sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum nr. 10/2008. Bréfið var til kynningar og ekki gerðar sérstakar bókanir vegna þess.
7. Í bréfinu eru sveitarfélögin á starfssvæði Eyþings hvött til virkrar þátttöku í starfi Eyþings og